

Frá fundi umhverfis- og skipulagsráðs 25. september 2024:

### **Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um viðgerð á gangstéttarkafla á Háaleitisbraut**

Lagt er til að í tengslum við viðgerð á gangstéttarkafla á Háaleitisbraut, milli Fellsmúla og Miklubrautar verði ljósastaurar færðir af miðri gangstéttinni á hentugri stað, þar sem þeir eru ekki beinlínis fyrir hjólandi og gangandi vegfarendum.

Greinargerð:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins lýsa yfir ánægju sinni með að hafist hafi verið handa við umræddar lagfæringar og minna á að ýmsir aðrir gangstéttarkaflar við Háaleitisbraut þarfnast einnig viðgerðar, t.d. við vestanverða brautina, á kaflanum nr. 14 - 60.